

76. fundur

2. nóvember 2017

1001008SA BÓH

Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

76. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 2. nóvember 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 12:30

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Uppbrotsdagar, frímínútur, vinnuframlag og fjöldi. – 1708029SA**

**Niðurstaða:**

Málið rætt. Upplýsingar hafa borist samstarfsnefnd um að málið hafi verið leyst með samkomulagi starfsmanns og vinnuveitanda þar sem greitt hefur verið fyrir vinnuframlag sem var umfram vinnuskyldu.

**2. Úrvinnsla á upplýsingum frá sveitarfélögum/skólum vegna bókar 1. – 1701067SA**

Lokaskýrsla samstarfsnefndar vegna bókar 1 verður kynnt á skólapingi sveitarfélaga mánudaginn 6. nóvember n.k. og fer í framhaldinu í almenna kynningu til sveitarfélaga og kennara. Rætt um að það verði eigi síðar en þriðjudaginn 7. nóvember.

**3. Önnur mál.**

Rædd og kynnt nokkur mál sem tekin verða á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00